

Sp.

6. Tillaga til þingsályktunar

[6. mál]

um stofnun landsnefndar til stuðnings jafnrétti og frelsi í Suður-Afríku.

Flm.: Eiður Guðnason, Jóhanna Sigurðardóttir, Kjartan Jóhannsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hafa frumkvæði að því að komið verði á fót landsnefnd til stuðnings jafnrétti og frelsi í Suður-Afríku. Í nefndinni skulu eiga sæti fulltrúar helstu fjöldasamtaka í landinu. Nefndin skal gera tillögur um hvernig Íslendingar geti best orðið við tilmælum allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna um ýmiss konar refsiaðgerðir gegn Suður-Afríku. Nefndin skal enn fremur hafa það hlutverk að kynna íslensku þjóðinni ástand og þróun mála í Suður-Afríku og þær hörmungar sem kynþáttaaðskilnaðarstefnan (apartheid) hefur leitt yfir þorra manna þar í landi, svo og að fræða almenning á Íslandi um stöðu Namibíu og þá sjálfstæðisbaráttu sem þar er nú háð gegn ólöglegum yfirráðum Suður-Afríku yfir landinu.

Greinargerð.

Þessi tillaga var áður flutt síðla þings árið 1982, en allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna helgaði það ár sérstaklega auknum refsiaðgerðum gegn kynþáttahatusstjórninni í Suður-Afríku. Tillagan varð þá eigi útrædd. Flm. þykir nú tímabært að vekja máls á þessu að nýju.

Nefndir, eins og tillagan gerir ráð fyrir, eru nú starfandi í ýmsum grannlöndum okkar og gegna veigamiklu hlutverki að því er miðlun upplýsinga og fræðslustarfsemi varðar.

Á vegum Sameinuðu þjóðanna hefur lengi starfað sérstök nefnd er fjallar um mál er varða apartheid-stefnu stjórnar Suður-Afríku. Þessi nefnd er venjulega kölluð „sérstaka apartheid-nefndin“. Í mörgum samþykktum og yfirlýsingum hennar eru aðildarríki Sameinuðu þjóðanna hvött til að beita refsiaðgerðum gegn Suður-Afríku og til þess að hætta hvers konar samvinnu við stjórn landsins, ekki aðeins á stjórn málasviðinu, heldur og að því er varðar viðskipti almennt og samskipti á sviði vísinda, menningarmála, lista og íþróttar.

Á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna haustið 1984 voru gerðar sjö ályktanir um kynþáttaaðskilnaðarstefnu stjórnarinnar í Suður-Afríku. Nordurlandþjóðirnar fimm höfðu frumkvæði að einni þessara ályktana (ályktun 39/72 G) og fluttu hana ásamt Ástralíu, Ghana, Grikklandi, Írlandi, Máretaníu, Nígeríu, Nýja-Sjálandi, Tanzaníu, Zambíu og Zimbabwé.

Samkvæmt skýrslu um þátttöku Íslands í 39. allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna er efni ályktunarinnar í stuttu máli þetta: Kynþáttaaðskilnaðarstefnan er harðlega fordæmd þar sem hún komi í veg fyrir að meiri hluti Suður-Afríkumanna njóti frelsis og borgararéttinda. Þar er lýst fordæmingu á morðum, handtökum og fangelsun manna úr ýmsum samtökum fyrir að hafa mótmælt kynþáttaaðskilnaðarstefnunni og nýjum stjórnarskrárákvæðum. Enn fremur eru í ályktuninni fordæmdar árásir Suður-Afríku á grannríki og flóttamenn frá Suður-Afríku og Namibíu. Skorað er á stjórnvöld í Suður-Afríku að sleppa Nelson Mandela og öðrum pólitískum fögnum úr haldi þegar í stað og fella úr gildi lög um misrétti og léttu banni af félögum, fjölmiðlum og einstaklingum er berjast gegn kynþáttaaðskilnaði. Þá er skorað á öryggisráðið að fjalla þegar í stað um bindandi refsiaðgerðir gegn Suður-Afríku.

Þessi ályktun fékk flest atkvæði þeirra sjö sem samþykktar voru, en atkvæði um hana féllu á þann veg að hún var samþykkt með 146 atkvæðum gegn 2, en 6 ríki sátu hjá. Bandaríkin og Bretland greiddu atkvæði gegn ályktuninni. Belgía, Frakkland, Ítalía, Lúxemborg, Malawi og Vestur-Pýskaland sátu hjá. Fjarverandi við atkvæðagreiðsluna voru: Antigua og Barbuda, Ísrael, Paraguay og Swaziland.

Þrjár síðustu málsgreinar ályktunarinnar eru á þessa leið í íslenskri þýðingu:

„Allsherjarþingið heitir á allar ríkisstjórnir og samtök að gera viðhlítandi ráðstafanir til að binda enda á öll samskipti á sviði menntamála, menningarmála, vísinda og íþróttá sem fela í sér stuðning við apartheid-stjórnina í Suður-Afríku, svo og samskipti við einstaklinga, stofnanir og aðra sem styðja eða styðjast við kynþáttaaðskilnaðarstefnuna og hvetur einnig til frekari tengsla við þá sem berjast gegn apartheid-stefnunni;

ítrekar lögmati baráttu hinnar kúguðu þjóðar Suður-Afríku fyrir algjöru afnámi apartheid-stefnunnar og fyrir stofnun lýðræðislegs þjóðfélags þar sem ríki jafnrétti kynþáttanna, þar sem allir menn án tillits til kynþáttar, litar eða trúarbragða geta notið mannréttinda og almenns frelsis;

þakkar og lýsir samstöðu með samtökum og einstaklingum sem berjast gegn kynþáttaaðskilnaðarstefnunni og fyrir lýðræðislegu þjóðfélagi þar sem ríkir jafnrétti kynþáttanna í samræmi við mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna.“

Samkvæmt tillögunni skal það einnig vera hlutverk þeirrar landsnefndar, sem ráðgert er að skipuð verði, að kynna landsmönnum og fræða þá um ástandið í Namibíu. Sjálfstæði Namibíu, eða Suðvestur-Afríku, hefur verið á dagskrá allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna allt frá fyrsta þinginu árið 1946, segir í skýrslu fastanefndar Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum um síðasta allsherjarþing. Þar kemur einnig fram að öryggisráðið fjalli árlega um þetta mál og að sérstakt Namibíuráð vinni stöðugt að lausn þess. Árið 1978 samþykkti öryggisráðið ályktun sem hefur að geyma sérstaka áætlun um frjálsar kosningar í Namibíu undir eftirliti Sameinuðu þjóðanna og um ráðstafanir til þess að landið geti öðlast sjálfstæði með friðsamlegum hætti. Ekki hefur tekist að hrinda áætluninni í framkvæmd og Suður-Afríkumenn sitja sem fastast í Namibíu og frelsisbaráttumenn heyja við þá vopnaða baráttu, svo að notuð séu óbreytt orð úr skýrslu íslensku fastanefndarinnar.

Frelsisbarátta Namibíumanna hefur litla umfjöllun fengið í fjölmiðlum hér á landi og lítt verið fjallað um ólöglega stjórn Suður-Afríku á landinu. Flm. telja eðlilegt að nefnd, eins og tillagan gerir ráð fyrir að skipuð verði, skuli einnig kynna almenningi á Íslandi þessi mál.

Um ástandið í Suður-Afríku þessa dagana og vikurnar mætti skrifa langt mál. Flm. leyfa sér að ljúka þessari greinargerð með tilvitnun í forustugrein Alþýðublaðsins 31. ágúst s.l. en hún var á þessa leið:

Á barmi glötunar.

Fréttir af manndrápum og misþyrmingum ógnarstjórnar hvíta minnihlutans, sem ræður ríkjum í Suður-Afríku, eru þessa dagana fastir liðir í fréttum íslenskra fjölmiðla. Nærfellt hvert einasta kvöld opnast á íslenskum heimilum skjár sjónvarpsins þar sem við okkur blasa

barsmiðar og linnulausar misþyrmingar á saklausu fólki sem ekkert hefur til saka unnið annað en ef til vill það eitt að vilja safnast saman til friðsamlegra mótmæla — og svo auðvitað það sem öllu máli skiptir í augum valdhafa Suður-Afríku, nefnilega að fólkið er af öðrum litarhætti en þeir sem landinu ráða. Lýðveldið Suður-Afríka rambar nú á barmi glötunar.

Fólk um víða veröld stendur höggdofa andspænis þeim harmleik sem ríkisstjórnin í Suður-Afríku hefur með aðgerðum sínum sett á svið á undanförunum vikum og virðist staðráðin í að leika til sinna eigin endaloka sem með sama áframhaldi og atburðarás geta vart verið langt undan.

Margra ára viðleitni Sameinuðu þjóðanna til þess að fá ríkisstjórn Suður-Afríku með góðu eða illu til að láta af kynþáttaofsóknum hefur ekki borið árangur. Samtök heimsþjóðanna hafa þar reynst vanmáttugt verkfæri. Skýring þess er ef til vill sú helst að stórveldin svonefndu hafa ekki beitt sér í málinu. Afstaða Bandaríkjastjórnar til dæmis hefur verið linkuleg gagnvart Suður-Afríku að ekki sé meira sagt.

En hvað er til ráða? Eigum við að horfa aðgerðalaus úr stofunum okkar hér heima á harmleikinn sem er að gerast í Suður-Afríku, þótt í órafjarlægð sé? Ástandið í Suður-Afríku kemur okkur við. Það kemur öllum mönnum við.

Einhverjir kunna að segja að orð og athafnir smáþjóða megi sín ekki mikils í þessu sambandi. Það er rétt, en aðeins að hluta. Við Íslendingar gætum til dæmis beitt okkur fyrir því að utanríkisráðherrar Norðurlanda kæmu saman til sérstaks fundar til þess að fjalla um þetta mál. Norðurlöndin eru virt afl á alþjóðavettvangi og geta þar haft veruleg áhrif ef vilji og samstaða er fyrir hendi. Hér geta Íslendingar tekið frumkvæði og það er ekki eftir neinu að bíða.

Jafnframt þessu eigum við að sjálfsögðu þegar í stað að hætta öllum viðskiptum við Suður-Afríku og hefðum átt að gera það fyrir löngu. Þau eru reyndar ekki mikil og væru þetta því nánast táknræn mótmæli, en mótmæli samt. Þaðan fluttum við inn í fyrri vörur fyrir tæpar tuttugu og átta milljónir króna. Einkum ávexti. Þeir eru auðfengnir annars staðar. Þangað seldum við í fyrri vörur fyrir rúmar fjórar milljónir króna, einkum veiðarfæri og útgerðarvörur. Þeim útflutningi ætti að vera auðfundinn annar markaður. Alþýðublaðið skorar á íslensk stjórnvöld að beita sér fyrir því að hætt verði þegar í stað öllum viðskiptum við ofbeldis- og kúgunarstjórnina í Suður-Afríku.